

# Kosningaáherslur

## Vinstri hreyfingarinnar - græns framboðs í Reykjavík fyrir sveitarstjórnarskosningar 2022




## Göngum lengra fyrir lífsgæði Reykvíkinga og ...

### Byggjum til framtíðar

- Við ætlum að ganga lengra og tryggja öllum borgarbúum húsnæði.
- Við ætlum að byggja 500-1000 Reykjavíkurbústaði á ári fyrir borgarbúa til viðbótar við húsnæðisáætlun borgarinnar.
- Gerum meiri kröfur til verktaka og uppbyggingaraðila til að tryggja að tímafrestir, frágangur, öryggi og hreinlæti standist.
- Við ætlum að tryggja heimilislausu fólki húsnæði á þeirra forsendum.
- Fjölum leiguíbúðum Félagsbústaða og íbúðum fyrir fatlað fólk um 700 á kjörtímabilinu.
- Við viljum breyta Aðalskipulagi þannig að í öllu skipulagi sé meira pláss lagt undir mannlíf, gróður og vistvænar samgöngur og að minnihluti pláss fari undir bíla og bílastæði.
- Við viljum grænni götur og vinda ofan af malbiki með borgarhönnunarstefnu.
- Endurheimtum almennarýmið, bílastæði eiga betur heima í bílakjallara eða bílastæðahúsi en ofanjarðar.
- Við ætlum að byggja upp kröftug og lifandi hverfi um alla borg með því að þétta byggð og fullbyggja skipulögð hverfi.
- Mislæg gatnamót verði víkjandi í skipulagi borgarinnar því það er betra fyrir lífsgæðin að nýta borgarlandið undir húsnæði og græn útivistarsvæði.

### Endurnærum skólastarfið

- Við ætlum að gera menntun barna gjaldfrjálsa í leik- og grunnskólum. Öll börn eiga að njóta fullra tækifæra til menntunar óháð efnahag eða stöðu foreldra.
- Við viljum að máltíðir í grunnskólum og leikskólum verði endurgjaldslausar.
- Við ætlum að tryggja börnum heilnæmt umhverfi, innan sem utan dyra, og vistvænan mat.
- Búum betur að kennurum og nýtum tæknina meira í skólastarfi.
- Aukum stuðning við börn með annað móðurmál en íslensku.
- Fjölum sérfræðimenntuðu fagfólki í leik- og grunnskólum og styrkjum gott gangverk skólasamfélagsins svo allir nemendur fái notið sín.
- Við viljum Vísindaveröld fyrir alla aldurshópa í Reykjavík þar sem hægt er að fræðast um heiminn og náttúruna og eflum þannig vísindalæsi.




## Aukum lífsgæðin

- Við ætlum bjóða uppá sumarfrístundakort svo öll börn geti notið frístundastarfs allt árið.
- Við viljum að í öllum hverfum borgarinnar sé aðstaða sem gerir börnum kleift að leggja stund á fjölbreyttar íþróttir.
- Færum menningarstarf, listnám og tónlistariðkun nær börnum, fjölgum plássum í skólahljómsveitum Reykjavíkur og bætum aðstöðu þeirra.
- Ráðum fólk með skerta starfsorku og fatlað fólk í fjölbreytt og sveigjanleg störf hjá borginni.
- Velferðarþjónustan á að laga sig að þörfum fólks og við eigum að nota tæknina til að létta undir.
- Við ætlum að mæta starfsfólki sem hefur ekki endurheimt heilsu eftir Covid.
- Tökum upp frístundakort og lækjum árskort fyrir eldra fólk í Strætó.
- Við viljum vinna með íþróttahreyfingunni og ríkinu að uppbyggingu þjóðarleikvanga í Laugardalnum.
- Við styðjum hugmyndir Fáks um að stækka félagssvæðið og gera hestaíþróttina aðgengilegri fyrir okkur öll.

## Verndum náttúru borgarinnar

- Við ætlum að innleiða hringrásarhagkerfið, minnka sóun og bjóða upp á náttúruvæna kosti í stað mengandi. Reykjavík á að vera leiðandi í aðgerðum til að stemma stigu við loftslagsbreytingum af mannavöldum.
- Við viljum ráða borgarlandverði sem hafa það hlutverk að sinna fræðslu og eftirliti með borgarlandinu, stígum og náttúruvernd.
- Við ætlum að koma upp Hringrásarhjarta í Álfsnesi í samvinnu við sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu, fjölga efnisflokkum á grenndarstöðvum og gera Sorpu að samnefnara fyrir nýsköpun og þekkingu í umhverfismálum og hringrásarhagkerfinu.
- Stóraukum fræðslu til Reykvíkinga um umhverfismál, loftslagsmál og hringrásarhagkerfið.
- Við viljum auka aðgengi borgarbúa að útvistarsvæðum með því að fjölga grænum svæðum í Reykjavík, tryggja vernd vistkerfa og hlúa að líffræðilegri fjölbreytni.
- Stöndum vörð um strandlengjuna og endurheimtum röskuð svæði.
- Styrkjum útivistarsvæði borgarinnar svo við getum endurnært okkur í náttúrunni, sest niður eða notið fræðslu
- Gerum náttúruperlur borgarinnar að fólkvangi og ljúkum við friðlýsingu eyjanna á Kollafirði. Opnum gestastofu friðlýstra svæða í Reykjavík.



## Greiðum öllum leið

- Við ætlum að flýta Borgarlínu og tryggja að vistvænir ferðamátar verði sjálfsagður valkostur borgarbúa. Við viljum að fólk geti gengið, hjólað og rúllað sér um borgina á auðveldan hátt.
- Strætó er grunnþjónusta og lykilleiðir eiga að ganga lengi og vera tíðar. Endurvekjum næturstrætó.
- Við munum vinna eftir nýrri hjólreiðaáætlun Reykjavíkurborgar og flýta framkvæmdum við hjóla- og göngustíga.
- Við ætlum að endurskoða fyrirkomulag vetrar- og vorþjónustu svo við fáum ekki óyfirstíganlega skafla og sandfok.

## Virkjum íbúana

- Við ætlum að tryggja aðkomu íbúa að skipulagsmálum frá fyrstu stigum verkefna.
- Við viljum að íbúar taki fleiri ákvarðanir m.a. með íbúakosningum um tiltekin mál og íbúapíngum.
- Nýtum okkur fjölbreytt lýðræðistæki eins og skoðanakannanir og rökræðukannanir við uppbygginu í hverfunum.
- Við viljum að borgin styðji við frjáls félagasamtök og veiti útgáfu- og verkefnastyrki.
- Fjölögum slembivöldum fulltrúum í íbúaráðum til að tryggja fjölbreyttari raddir íbúa við stefnumótun og ákvarðanatöku.
- Leggjum áherslu á að innflytjendur taki þátt í samfélagslegum verkefnum borgarinnar.

## Styrkjum undirstöðurnar

- Við ætlum að vanda betur alla áætlanargerð í borginni og rýna með mælikvörðum velsældar- og kynjasjónarmiða og umhverfisáhrifa.
- Við ætlum að sýna ráðdeild í rekstri og forgangsraða fjármunum til verkefna sem auka lífsgæði fólks. Umhverfisvæn og félagsleg uppbygging og fjárfestingar í innviðum verða í forgrunni.
- Loftslagsáhrif fjárfestinga verða metin og gerðar kröfur um að kolefnisjafna þær sé ástæða til.
- Vinnum með ríkinu og Sambandi íslenskra sveitarfélaga að útfærslu á styrkari tekjustofnum til höfuðborgarinnar.

